



TOYOTA LAND CRUISER



**Velkomin í heim þar sem
hvert skref skiptir máli.**

Um leið og stofnandi fyrirtækisins, Kiichiro Toyota, lagði sig í líma við að sinna viðskiptavinum skrifaði hann upphafið að hrifandi sögu. Um byltingu í bílaframleiðslu. Um framsæknar, rafknúnar aflrásir. Um samgöngur fyrir alla. Um seiglu. Um það hvernig við förum ávallt fram úr væntingum viðskiptavina til að auðvelða þeim lífið. Og hvernig við í leiðinni búum til betri heim.



F Ö R U M



L E N G R A



HVERT ÆVINTÝRI TELUR

Goðsögnin hefur snúið aftur í sterkbyggðri og afgerandi hönnun. Endurhannaður Land Cruiser sameinar tímalausan stíl og nýjustu tækni. Hér fer bíll sem innblásinn er af fortíðinni og útfærður fyrir framtíðina, ávallt til reiðu að koma þér hvert á land sem er og aftur heim.

EFNISYFIRLIT

6	Arfleifð
8	Hönnun ytra byrðis
10	Hönnun innanrýmis
12	Þægindi í innanrými
14	Tækni
18	MyToyota
20	Notagildi
22	Afkastageta
24	Gæði, ending og áreiðanleiki
26	Fjór hjóladrif
30	Öryggi
34	Útfærslur
44	Aukahlutir
46	Litir
48	Felgur og áklæði
50	Tæknilýsing
54	Umhverfi og hugarró

UPPRUNI TÁKNMYNDAR

Saga Land Cruiser, goðsagnar sem mótuð er af harðgerustu svæðum veraldar, spannar átta áratugi og tólf kynslóðir. Hún hófst árið 1951 þegar frumgerðin, 4x4 BJ, ók hærra upp fjallið Fuji en nokkurt annað ökutæki hafði áður komist. Upp frá þeim degi hefur Land Cruiser, svo áreiðanlegur og óstöðvandi sem hann er, tekist á við hið ókleifa.



1960: LAND CRUISER 40

Í augum margra er þetta hinn upprunalegi Land Cruiser - með tveggja drifa millikassa, kassalaga útliti, ílögum hlutföllum og hvítu þaki.





AFTUR Í RÆTURNAR

Land Cruiser felur í sér anda ævintýra, innblásinn af harðgerðu eðli forfeðra sinna. Yfirbygging með stórum rúðum, aflíðandi hliðum og einkennandi vélarhlíf er merki um velheppnaða og hagnýta hönnun sem skilar frábæru útsýni. Stórar 20" felgur eru bæði áhrifamiklar á að líta og skila aukinni akstursgetu í torfærum um leið og trapisulaga brettakantar hrinda aur auðveldlega frá sér til að auðvelda akstur við allar aðstæður. Land Cruiser er stolt Toyota með ótvíræðum merkingum að framan og aftan.

STÍLHREINN STYRKUR

Einkennandi LED-ljós að framan og aftan eru inndregin frá hornum yfirbyggingarinnar og þannig varin gegn skemmdum.





TIL Í ALLT

Sveigjanlegt innanými Land Cruiser er meistaraverk í haganlegri hönnun, með frábæru útsýni til allra átta, þökk sé háum sætum, beinum A-stoðum og lágu, láréttu mælaborði. Einföld stjórnþæki og skýrir skjáir veita þér öryggi til að fara lengra, á meðan hagnýtir hnépúðar og griphandföng tryggja þægindi óháð undirlagi.

GERÐUR AF MEISTARANS HÖNDUM

Stjórnþækin í kringum gírstöngina voru hönnuð á grunni ábendinga frá rally öikumönnum Toyota-liðsins með einfaldleika í uppsetningu fyrir augum.





ÆVINTÝRALEGUR AÐ UTAN

Erfiðar aðstæður verða öruggari og þægilegri í innanrými Land Cruiser, með tveggja svæða loftkælingu, lýsingu með snertistjórnun og sætum sem bæði eru með hita og loftræstingu. Farþegarýmið er rúmgott og í því sameinast lúxus og notagildi. Glerþakið býður upp á skemmtilegt útsýni og eykur birtuna í farþegarýminu, hvort sem stefnt er að því að aka auðnirnar eða ferðast eftir þjóðvegnum.

ÞITT EIGIÐ RÝMI

Þægindi og fágún einkenna öll sæti í innanrými Land Cruiser, með aðskilinni stjórnun loftkælingar fyrir hvert þeirra.



24°C 10:10

Bluetooth

9999 Pray You Catch
Beyonce
Lemonade

300km

0 P

Trip A
Trip Average Speed 64 km/h
Distance 80.0 km

550 km

18:51 5G

Phone

TOYOTA

TOYOTA

DRIVEN BY

MODE

MODE SELECT

TÆKNI ÁN TAKMARKANA

Stafræn útfærsla Land Cruiser tryggir áður óþekktu samfellu í upplifun notenda. Aktu á hugvitssamlegan máta með sjónlínuskjá og 12,3" mælaborði, stafrænt mælaborð með sérstillanlegri uppsetningu og útliti. Með raddstýringu og stjórnþækjum sem auðvelt er að ná til er reynt að tryggja að þú þurfir ekki að taka augun af veginum. Straumspilun efnis eða stilling leiðsagnarinnar gæti heldur ekki verið auðveldari, á björtum og viðbragðsgóðum 12,3" margmiðlunarsnertiskjánám.

HNÖKRALOUSIR TENGIMÖGULEIKAR

Land Cruiser er með tengimöguleikum sem auðga hvert augnablik. Taktu öll uppáhaldsforritin þín og margmiðlunina með þér í ferðina með þráðlausri samhæfni við Apple CarPlay og Android Auto™.





AUÐGAÐU HVERT ANDARTAK

Land Cruiser býður upp á tæknilausnir sem auðvelda þér aksturinn. Stafrænn baksýnisspegill skilar skýru útsýni aftur fyrir bílinn, algerlega óháð mögulegum hindrunum inni í bílnum. Þráðlaust samhæfi við Apple CarPlay og Android Auto tryggir aðgengilega tengimöguleika. Fyrsta flokks JBL®-hljóðkerfi*, með öflugum magnara og bassahátalara, setur ný viðmið í skýrum og tærum hljómi fyrir undirspil aksturs út í ævintýrin.

HLEÐSLA

Einföld hleðsla og tenging er í boði í ökumannsrýminu með þráðlausri hleðslustöð fyrir snjallsíma og tengjum fyrir önnur tæki, þar á meðal USB-C og HDMI.

*JBL hljóðkerfi er ekki í öllum útfærslum.






**STAFRÆNN SNJALLYKILL
(VÆNTANLEGT)**

Stafrænn snjallykill breytir snjallsímanum í bíllykilinn þinn. Notaðu símann til að taka Land Cruiser úr lás og gangsetja án þess að taka símann úr töskunni eða vasanum. Þessu til viðbótar getur þú deilt stafræna snjallyklinum með allt að fjórum öðrum.

MyToyota appið ÞÚ ERT VIÐ STJÓRNVÖLINN HVAR SEM ÞÚ ERT

Tengingin rofnar ekki þegar þú stígur út úr bílnum. MyToyota appið er öflugt verkfæri þegar þú ert á ferðinni. Með því geturðu læst hurðum og lokað gluggum með fjarstýringu. Notaðu fjarstýrða hita- og loftstýringu til að kæla eða hita farþegarýmið áður en þú leggur af stað. Með hættuljósunum og „Finna bílinn minn“ geturðu blikkað ljósunum, þeytt flautuna og séð staðsetningu bílsins á korti til að eiga auðveldara með að finna hann.

Stafræni snjallykillinn er væntanlegur á markað árið 2024. Viðbótarræsisvarnbúnaði og ef ræsisvarnykillinn er ekki inni í bílnum. Fjarstýring er aðeins í boði með greiddri áskrift. Greiddar áskriftir er áætlað að verði í boði frá og með árinu 2025.



SVEIGJANLEGT RÝMI

Innanrými Land Cruiser 250 er einstaklega sveigjanlegt með rými fyrir fimm, sex eða sjö sæti. Þarftu að koma einhverju fyrir? Felldu sætin flöt niður til að skapa rými fyrir hvaða farm sem er, allt frá útilegubúnaði til brimbretta, eða notaðu þakbogana til að nýta 100 kg burðargetu þaksins. Til að auðvelda aðgengi að farangursrými getur þú notað rafdrifna opnun afturhlera með fætinum.*

ENDALAUS SVEIGJANLEIKI

Auðvelt er að hámarka plássid í innanrýminu með því að fella niður þriðju og aðra sætaröðina þannig að eftir situr flatt gólf.

*Ekki í boði fyrir GX.

1.



2.



3.





AFL ÁN TAKMARKANA

Hvort sem þú ert á ferð um óbyggðir eða eftir þjóðveginum bíður 2,8 lítra dísilvél Land Cruiser tilbúin til að takast á við næsta ævintýri. Þýð 204 hestafla vél með átta þrepa sjálfskiptingu og 500 Nm tugi skilar línulegri hröðun. Útkoman er áreynslulaus afkastageta þegar þörf er á.



**2,8 L D-4D 8 SJ.SK.**

Afl 204 DIN hö.

Eldsneytisnotkun* 10.3 l/100 km

Losun koltvísyrings* 272 g/km

Í boði í **GX, GX Plus, VX, Luxury, First Edition*** Blandaður akstur.
SJ.SK. = sjálfskipting.



SIGRAÐU HIÐ ÓÞEKKTA

Gæði og áreiðanleiki Land Cruiser eru margrómuð eftir að hafa sannað sig í marga áratugi og kynslóðir. Ofursterk G-AF grindin og yfirbyggingin eru harðgerari en nokkru sinni fyrr og skara fram úr á öllum sviðum, allt frá þægindum og fágun til öryggis og lipurðar. Mjög stöðug stjórn Land Cruiser, mjúkt afl og einfaldur tengibúnaður tryggja síðan að dráttur gæti ekki verið auðveldari.

3500 KG DRÁTTARGETA

Mikið tog, 3500 kg dráttargeta og stöðugleikastýring eftirvagns til að tryggja fullkomna hugarró í Land Cruiser sem getur dregið allt. (óstaðfest)

TAKTU TORFÆRUNUM FAGNANDI

Land Cruiser er hannaður til að skara fram úr í erfiðu umhverfi og færir akstursgetu á fjórhjóladrifi upp í nýjar hæðir. Torfærugeta er tryggð með stífum undirvagni og mjúkri fjöðrun. Aftengingarbúnaður jafnvægisstangar* skilar ótrúlegri lóðréttri hreyfigetu hjóla á meðan góð aksturshæð og lítil skögun tryggja hæð frá jörðu sem skilar þér þangað sem aðrir komast ekki.

STÆRRI SJÓNDEILDARHRINGUR

Rafdrifið stýri skilar mjúkum og faguðum akstri á hvaða undirlagi sem er. Það dregur úr endurkasti þar sem undirlag er gróft og skilar mikilli nákvæmni.

*Er ekki í öllum útfærslum.







ENGIN ÁSKORUN OF STÓR

Upplifðu gleðina og spennuna sem fylgir því að skoða óbyggðirnar í þeirri vissu að þú sért með hið fullkomna verkfæri í verkið. Allt er mögulegt með goðsagnakenndri akstursgetu Land Cruiser. Torfæruvalið fínstillir óstöðvandi fjöðrunina og fjórhjóladrifna aflrásina til að takast á við hvaða undirlag sem er, allt frá sandhólum til snjóbreiða, á meðan skriðstýringin viðheldur fyrirfram stilltum hraða til að þú getir einbeitt þér að stýrinu og stöðu hjólanna.

ALLTAF VIÐ STJÓRNVÖLINN

DAC-kerfið hemlar mjúklega niður brattar og torfærar brekkur til að viðhalda stöðugum og viðráðanlegum hraða.

Toyota T-Mate

FYRSTA FLOKKS VÖRN

Land Cruiser 250 býður upp á fjölbreytta akstursaðstoð og nýjustu kynslóð Toyota Safety Sense öryggiskerfi. Því fylgir fjölbreytt úrval gagnlegra tæknilausna, þ. á m. fyrirbyggjandi akstursaðstoð, sem býður upp á stýrisstuðning og hemlun þegar á þarf að halda.



Frekari upplýsingar um T-Mate.

ÁREKSTRARVIÐVÖRUNARKERFI

Árekstrarviðvörunarkerfið getur greint og aðstoðað þig við að forðast árekstra við aðra bíla, gangandi vegfarendur, hjólréiðafólk og mótórhjól. Það varar ökumann við með hljóðmerkjum, sjónrænum viðvörunum og hemlunaraðstoð. Takist ökumanninum ekki að hemla í tæka tíð eru hemlarnir virkjaðir sjálfkrafa til að komast hjá árekstri eða draga úr höggi. Við þetta bætist svo stuðningur árekstrarvarnarkerfis fyrir gatnamót og neyðarstýrisaðstoðar þegar beygt er á gatnamótum og sveigt fram hjá hættu.

SJÁLFVIRKUR HRAÐASTILLIR YFIR ALLT HRAÐASVIÐIÐ

Með hugvittsamlegum sjálfvirkum hraðastilli Toyota Safety Sense yfir allt hraðasviðið getur bíllinn haldið stöðugum hraða án þess að nota þurfi eldsneytisgjöfina, auk þess að halda forstilltri lágmarksfjarlægð frá næsta bíl fyrir framan. Þegar of stutt er í næsta bíl dregur kerfið úr hraðanum til að viðhalda fjarlægðinni að honum, beitir hemlunum og stöðvar bíllinn ef þörf krefur. Ef fjarlægðin eykst fer bíllinn aftur af stað og eykur hraðann og/eða hægir á sér eftir þörfum þangað til umferðin býður upp á að forstilltur aksturshraði sé aftur notaður. Athugaðu að þessi aðgerð er aðeins í boði í bílum með sjálfskiptingu.

NEYÐARSTÖÐVUNARKERFI

Ef kerfið skynjar aðgerðaleysi frá ökumanni í tiltekinn tíma gera hljóðviðvaranir ökumanninum viðvart ef kveikt er á akreinastýringu. Ef ekkert gerist stöðvar neyðarstöðvunarkerfið bíllinn hægt og rólega og heldur honum öruggum á sömu akrein. Kveikt er á hættuljósunum til að vara aðra vegfarendur við og dýrnar eru teknar úr lás til að tryggja neyðarþjónustuaðilum greiðan aðgang ef þörf krefur.

FYRIRBYGGJANDI AKSTURSAÐSTOÐ – STÝRISAÐSTOÐ

Þetta kerfi aðstoðar ökumanninn við að halda bílnum á akreininni. Kerfið greinir beygjuna fram undan og aðlagar stýrisaðstoðina eftir þörfum. Það getur einnig stutt við akstur í beinni línu.





ÖRUGGUR AKSTUR

Land Cruiser er búinn fjölbreyttu úrvali háþróaðra aðstoðarkerfa, þar á meðal akreinaskiptihjálþ og aðstoðarkerfi fyrir örugga útgöngu, allt til að tryggja öryggi þitt í borginni, á þjóðveginum og úti í náttúrunni. Nákvæm stýring í torfærum hefur aldrei verið auðveldari með torfæruskjá sem birtir skýra mynd af umhverfi þínu á margmiðlunarskjánum.

TORFÆRUSKJÁR

Torfæruskjárn gerir þér kleift að sjá fram á veginn og hjálpar þér að halda þér á réttri braut og forðast hugsanlega hættu. Á skjánum má velja um birtingu sex mynda úr fjórum myndavélum utan á bílnum, frá báðum hliðum bílsins, fram- og afturhluta og af því sem er undir bílnum. Með því að ýta á fjölaðgerðarofann á stýrinu færðu skýra mynd af umhverfinu.

AÐSTOÐARKERFI FYRIR ÖRUGGA ÚTGÖNGU

Þetta kerfi notar blindsvæðisskynjarann til að passa að hurð sem farþegi opnar rekist ekki á bíl eða hjólréiðafólk sem nálgast aftan frá. Ef hætta er á árekstri kvikna ljós á ytri speglunum og upplýsingaskjánum, lýsingin í innanrýminu verður rauð, auk þess sem hljóðmerki varar farþegana við.

AFTURSÆTISÁMINNING

Þetta kerfi varar ökumanninn við ef farþegi eða hlutur er skilinn eftir í aftursætinu þegar bíllinn er yfirgefinn. Viðvörðunin felur í sér: viðvörðun á mælaborði í ökumannsrými, auk þess sem kveikt er á hættuljósum og hljóðmerki heyrast þegar bílnum er læst, en það ræðst af útfærslu bílsins..

ÖKUMANNSSKYNJARAMYNDAVÉL

Þetta kerfi notar myndavél fyrir ofan stýrið til að fylgjast með árvekni og ástandi ökumanns. Viðvörðun er gefin ef kerfið greinir óeðlilega stöðu, svo sem þreytu. Upplýsingarnar eru notaðar til að skerpa á afköstum neyðarstöðvunarkerfisins með snemmbúinni greiningu á skertri athygli.

YFIRLITSMYND AF UMhverfi BÍLSINS Á SKJÁNUM

Akreinastýringarkerfið notar akreinaskynjara og millimetrabylgjuratsjá til að áætla stöðu bílsins á veginum út frá annaðhvort akreinaamerkingum á veginum fram undan eða akstursleið bílsins fyrir framan. Ef bíllinn byrjar óvart að reika frá miðju akreinarinnar er stýrisaðstoð beitt til að leiðrétta stefnuna. Athugaðu að aðeins er hægt að nota kerfið þegar bæði er kveikt á LDA-akreinaskynjara og sjálfvirkum hraðastilli yfir allt hraðasviðið.



Úrval búnaðar má sjá á þessum síðum. Hannaðu þinn eigin bíl til að sjá allt um T-Mate.



HELSTI BÚNAÐUR

- Dekkja og felgustærð 245/70R18 álfelgur
 - Toyota Safety Sense árekstrarviðvörðunarkerfi
 - Ökumannsskynjari og myndavél
 - Fjarhitun með appi
 - Aðlögunarhæfur hraðastillir
 - Brekkuaðstoð (DAC)
 - Rafdrifin handbremsa
 - Regnskynjari
 - Sex hátalarar
 - Akreinaaðstoð
 - Þokuljós að framan (LED)
 - Neyðarstöðvun (EDSS)
 - Rafdrifið aflstýri
 - Rafdrifinn driflás að aftan
 - Skriðgír (Crawl Control)
 - 3 akstursstillingar
 - Lykillaustr aðgengi
 - 7" stafrænn upplýsingaskjár í mælaborði
 - 9" Margmiðlunarskjár
 - Hiti í framrúðu
 - Bakkmyndavél með hreinsibúnaði
 - Tauáklæði
 - Handvirkar stillingar á framsætum
 - Stigbretti
- AUKABÚNAÐUR FRÁ VERKSMÍÐJU**
- 7 sæta útfærsla



Hannaðu þinn
Toyota Land Cruiser.

GX-ÚTFÆRSLA

Harðger útfærsla GX Land Cruiser er búinn þeim búnaði sem þú þarft til þess að takast á við ævintýrin.






HELSTI BÚNAÐUR (UMFRAM GX)

- Dekkja og felgustærð 265/65R18 álfelgur
- Leðurklætt stýrishjól með hitastillingu
- Opnanleg afturrúða
- Rafdrifinn afturhleri
- Samlitir stuðarar og hurðarhúnar
- Vindskeið að aftan
- Stafrænir lykklar (væntanlegt)
- Hliðarspeglar með; hitastillingu, ljósi og myndavél
- Blindsvæðaskynjari
- Rafdrifnar stillingar á öikumannssæti
- Hiti og loftræsting í framsætum
- Miðstöð fyrir aftursæti
- 12,3" Margmiðlunarskjár
- 10 hátalarar
- 360° myndavélakerfi
- Fjarlægðarskynjari að framan og aftan
- Bílastæðaaðstoð með hemlun (PKSB)
- Aðstoðarkerfi fyrir örugga útgöngu (SEA)
- Verksmiðjuframleitt leður

AUKABÚNAÐUR FRÁ VERKSMIÐJU

- 7 sæta útfærsla

*Ekki með rafdrifinn driflás að aftan



Hannaðu þinn
Toyota Land Cruiser.

GX PLUS-ÚTFÆRSLA

Láttu ekkert standa í vegi þínum á Land Cruiser með öflugum rafeindabúnaði fyrir akstur í torfærum. Vel búinn og einstaklega þægilegur.





HELSTI BÚNAÐUR (UMFRAM GX PLUS)

- Rafdrifinn driflás að aftan
- Rafdrifnar stillingar á stýri
- Drifaksturstillingar Multi-Terrain-System (MTS)
- Litaðar afturrúður
- Sjálfvirkt aðlögunarhæft háuljósakerfi
- 12,3" stafrænt mælaborð
- Þráðlaus hleðsla fyrir farsíma
- Myndavél sem sýnir umhverfi bílsins Multi-Terrain-Monitor (MTM)
- Hreinsunarbúnaður á aðalljósum
- Skynjun á þverun umferðar (FCTA)
- Kælir í miðjustokki

HELSTI BÚNAÐUR

- 7 sæta útfærsla
- Sóllúga



Hannaðu þinn
Toyota Land Cruiser.

VX-ÚTFÆRSLA

VX-útfærslan er sér á báti með úrvali einstakra álfelga, tveimur 12,3" skjáum í ökumannsrými og torfæruvali.





HELSTI BÚNAÐUR (UMFRAM VX)

- Dekkja og felgustærð 265/60R20 Álfelgur
- Rafknúin aftengjanleg jafnvægisstöng
- Sjónlínuskjár (HUD)
- JBL 14 hátalara hljómkkerfi
- Hiti og loftkæling í aftursætum
- Leðuráklæði
- Rafknúíð farþegasæti
- Stafrænn baksýnisspegill
- Mjóbaksstuðningur

AUKABÚNAÐUR FRÁ VERKSMÍÐJU

- 7 sæta útfærsla
- Panorama glerþak



Hannaðu þinn
Toyota Land Cruiser.

LUXURY-ÚTFÆRSLA

Sá Land Cruiser sem skilar fágaðasta og óviðjafnanlegasta torfæruakstrinum með aftengingarbúnaði jafnvægisstangar, einstökum 20" felgum, hita og loftræstingu í aftursætum, JBL®-hljóðkerfi, sjónlínuskjá og stafrænum baksýnispegli.





HELSTI BÚNAÐUR

- Dekkja og felgustærð 265/54R18
- Bi-tone litir
- Panorama glerþak
- Krínglótt LED aðalljós
- Land Cruiser First Edition merkingar

AUKABÚNAÐUR FRÁ VERKSMÍÐJU



Hannaðu þinn
Toyota Land Cruiser.

FIRST EDITION

First Edition útfærslan er í boði í takmörkuðu upplagi og aðeins í tveimur einkennandi bi-tone litum með ljósu þaki og hringlaga aðalljósum, frábær óður til Land Cruiser bíla fortíðarinnar. Með aftengingarbúnaði jafnvægisstangar, einstökum 20" felgum, hita og loftræstingu í aftursætum, JBL®-hljóðkerfi sjónlínuskjá og stafrænum baksýnisspegli.





SÉRSNIÐIÐ AÐ ÞÍNUM ÆVINTÝRUM

Gerðu Land Cruiser að þínum með fjölbreyttu úrvali aukahluta frá Toyota. Allt frá yfirbyggingarvörn til aukageymslu, þar á meðal farangursboxa og reiðhjólafestinga. Sérhannaður aukabúnaður á borð við harðgerar 20" álfelgur auka enn við getu og útlit bílsins.

Útlitspakkar

PAKKI 1

Húddhlíf

Tilvalið fyrir slæmt veður og akstur á malarvegum. Hlíðarbúnaðurinn beinir úða, aur og steinkasti frá framrúðinni.

Vindhlífar

Vindhlífanar eru sérhannaðar með það að markmiði að draga úr loftmótstöðu bílsins með því að beina loftflæðinu þannig að ökumaður og farþegar verði ekki fyrir óþægindum vegna vindgnauds.



PAKKI 2

Svartmattar 20" álfelgur með vélunninni áferð (6 arma)

Skrautlisti á neðri hluta afturhlera

Fallegur listi á neðri hluta afturhlerans gefur bílnum fágað yfirbragð.

Upplýstar sílsahlífar

Toyota-sílsahlífanar bjóða upp á stílhreina hönnun og vernda auk þess lakkið á sílsalistunum. Þær eru með burstaðri áláferð og á þeim er látlaust, upplýst Toyota-merki.



First Edition-pakkar

Toyota Land Cruiser First Edition-pakinn, samanstendur af teppamottum, límniðaskreytingum með fortíðar ívafi og aurhlífum. Pakinn undirstrikar arfleifð Land Cruiser og heiðrar ríka sögu bílsins sem spannar margar kynslóðir.



PAKKI 1
Blátt litapema



PAKKI 2
Sandlitapema



Flutningapakki

Þverbogar

Til notkunar á langboga bílsins. Þverbogarnir eru festir á langbogana og mynda stöðuga undirstöðu fyrir fjölbreyttan aukabúnað, svo sem XL-farangursbox frá Toyota.

XL-farangursbox frá Toyota

Þetta straumlinulagaða farangursbox getur geymt skíði, snjóbretti eða annan farangur sem þú ætlar að taka með þér í frið. Boxið er bæði öruggt, handhægt og aðgengilegt og er með lykli sem ekki er hægt að taka úr fyrir en allir læsingarpunktar eru komnir í læsta stöðu.

Losanlegt dráttarbeisli

Lóðréttan losanlega dráttarbeisli er með harðgert og ryðvarið yfirborð og er hannað þannig að þú getir auðveldlega fest og losað dráttarbeislið eftir þörfum.



Hlífðarfilmur

Lakklíffðarfilmur Toyota veita endingargóða vörn gegn daglegu sliti á viðkvæmstu svæðum bílsins. Hlífðarfilmurnar eru mjög gegnsæjar og nánast ósýnilegar þegar þær hafa verið settar á bílinn.



Hlífðarpakkar

Hlíðarlistar með gerðarheiti

Hlíðarlistar veita aukna vörn fyrir hlíðar bílsins gegn minniháttar hnjaski og rispum.



Gúmmímotta í farangursrými

Ver sætisbökin gegn óhreinindum og vökva sem hellist niður þegar sætin eru felld niður, t.d. þegar lengri hlutir eru settir í farangursrýmið. Áferðin hjálpar til við að koma í veg fyrir að hlutir færast til og renni til við flutning.



Teppamottur í gólfi

Glæsilegar og endingargóðar mottur sem verja innanrými í farþegarými bílsins. Öryggisfestingar halda mottu ökumanns á sínum stað.

LITRÍKUR HEIMUR

Litaúrvalið fyrir Land Cruiser hefur sterk tengsl við náttúruna, allt frá tilkomumiklum eyðimörkum til stórbrotinna skóga. Þessi glæsilega litapalletta er innblásin af náttúrunni eins og sandbrúnn, með sinni skýru tengingu við fortíð Land Cruiser.



040 Hvítur

Einlit útfærsla

089 Perluhvítur*

Einlit útfærsla

1L7 Dökkgrár

Einlit útfærsla

5C8 Sandur^s

Einlit útfærsla

218 Svartur*

Einlit útfærsla

4V8 Brons^s

Einlit útfærsla

202 Svartur

Einlit útfærsla

2ZC Blár**

Tvilit útfærsla

2ZD Sandur**

Tvilit útfærsla



FELGUR SEM EKKERT FÆR STÖÐVAÐ



1. Dökkgrásanseraðar 18" álfelgur (6 tvískiptir armar)
Staðalbúnaður í GX
2. Dökkgrásanseraðar 18" álfelgur (6 tvískiptir armar)
Staðalbúnaður í GX Plus
3. Mattgráar 18" álfelgur (9 armar)
Staðalbúnaður í VX og First Edition

4. Mattgráar 20" álfelgur
(6 tvískiptir armar)
Staðalbúnaður í Luxury
5. Mattsvartar 18" tvílitar álfelgur (6 armar)
Aukabúnaður í öllum útfærslum
6. Mattsvartar 20" álfelgur með vélunnu
yfirborði (6 armar)
Aukabúnaður í öllum útfærslum



1

2

3

4

5



- 1. Svart áklæði
Staðalbúnaður í GX
- 2. Svart verksmiðjuframleitt
leður Staðalbúnaður í GX Plus
og VX
- 3. Kastaníbrúnt
verksmiðjuframleitt leður

- Staðalbúnaður VX
- 4. Svart leður
Staðalbúnaður í First Edition
- 5. Kastaníbrúnt leður
Staðalbúnaður í First Edition

TOYOTA UMHVERFIS- ÁSKORUN 2050



Við hjá Toyota viljum gera meira en að valda engum umhverfisáhrifum og gera heiminn betri. Til að gera það höfum við sett okkur sex áskoranir til að ljúka fyrir árið 2050. Hverri áskoranir fylgja erfiðleikar en við skuldbindum okkur til að hafa jákvæð og sjálfbær áhrif á samfélagið og náttúruna.



ÁSKORUN 1

ENGIN LOSUN KOLTVÍSÝRINGS Í NÝJUM BÍLUM

Fyrir árið 2050 viljum við draga úr losun koltvísýrings frá bílum okkar um 90% miðað við losun okkar árið 2010. Til að þetta sé hægt munum við stuðla að þróun nýrra bíla sem losa lítinn eða engan koltvísýring og gera allt sem í okkar valdi stendur til að auka notkun þessara bíla.



ÁSKORUN 3

ENGIN LOSUN KOLTVÍSÝRINGS FRÁ VERKSMÍÐJUM

Til að draga úr losun koltvísýrings í verksmiðjum okkar einblínum við á að bæta þá tækni sem við notum og skipta yfir í umhverfisvænni orkugjafa. Við skuldbindum okkur til að gera starfsstöðvar okkar orkunýtnari og við munum skipta yfir í endurnýjanlega orkugjafa, svo sem sólarorku og vindorku, sem og orkugjafa með litla kolefnislosun, til dæmis vetnisorku.



ÁSKORUN 5

UPPBYGGING SAMFÉLAGS OG FERLA Á GRUNNI ENDURVINNSLU

Við höfum unnið að áskoruninni um endurvinnslu tilfanga í 40 ár, sem skilar sér í því að 95% allra Toyota Yaris-bíla eru endurnýtanleg og endurvinnanleg. Að auki bjóðum við upp á nýjar og frumlegar leiðir til þess að skila bílnum þegar hann hefur runnið sitt skeið.



ÁSKORUN 2

ENGIN LOSUN KOLTVÍSÝRINGS Á ENDINGARTÍMA BÍLA

Við erum að vinna að umhverfisvænni hönnun – sem við greinum og finnstillum til að tryggja minnstu mögulegu áhrif á umhverfið út endingartíma bílsins*.



ÁSKORUN 4

VATNSNOTKUN LÁGMÖRKUÐ OG VATNSNÝTING HÁMÖRKUÐ

Til að draga úr vatnsnotkun höfum við byrjað að safna regnvatni í verksmiðjum okkar. Einnig höfum við þróað aðferðir til að hreinsa vatn til að við getum annaðhvort notað vatnið oftar en einu sinni eða skilað því ómenguðu aftur í vatnsveitukerfi.



ÁSKORUN 6

UPPBYGGING FRAMTÍÐARSAMFÉLAGS Í SAMHLJÓMI VIÐ NÁTTÚRUNA

Til að vernda náttúruna og bæta umgengni okkar við hana skipuleggjum við skógrækt og gróðursetningu á trjám, grænar borgaráætlanir og önnur umhverfisverkefni, bæði á starfsstöðvum okkar og annars staðar í heiminum. Markmið okkar er að koma á samfélagi þar sem samhljómur er á milli manns og náttúru.

Frekari upplýsingar er að finna á:
www.toyota-europe.com/sustainability



* Aðferðafraeði Toyota við greiningu á endingu, sem beitt er á fólkubíla okkar, var endurskoðuð og samþykkt af TÜV Rheinland og hefur fengið vottun í samræmi við staðlana ISO14040/14044.



ALGER HUGARRÓ MEÐ TOYOTA

GÆÐAÞJÓNUSTA

Fara þarf með Toyota-bílinn í þjónustuskoðanir að minnsta kosti á árs fresti eða 15.000 km akstur (hvort sem fyrr verður). Smurþjónustan þarf að fara fram árlega eða eftir hverja 7.500 km.

LÍTILL VIÐHALDSKOSTNAÐUR

Allir bílar Toyota eru hannaðir með það fyrir augum að halda viðhaldskostnaði í lágmarki.

UPPRUNALEGIR VARAHLUTIR

Þú getur verið viss um að fá ósvikin Toyota-gæði því einungis er notast við upprunalega og viðurkennda íhluti við smíði bílsins.

AUKAHLUTIR FRÁ TOYOTA

Aukahlutir frá Toyota eru hannaðir og framleiddir með sömu áherslu á gæði og bílarnir frá Toyota. Þriggja ára ábyrgð er á Toyota-aukahlutum þegar þeir eru keyptir með bílnum.

7 ÁRA ÁBYRGÐ

Öllum nýjum Toyota-bifreiðum fylgir 7 ára ábyrgð (3+4) / 200.000 km bílaábyrgð sem nær til hvers kyns ágalla sem rekja má til galla í framleiðslu**.

RELAX

Þjónustutengd ábyrgð í allt að 10 ár, fyrir bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Sjá nánar á [toyota.is](https://www.toyota.is)

3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Með öllum nýjum bílum fylgir 3 ára þjónusta. Innihald er smurþjónusta og þjónustuskoðanir. Nánar hér: <https://www.toyota.is/owners/thjonusta>

TOYOTA TRYGGINGAR

Tryggðu þig strax! Það er létt, fljótlegt og öruggt að tryggja sig með Toyota á netinu. Þú færð viðurkennda varahluti og bílaleigubíl til afnota allan viðgerðartímann. Að viðgerð lokinni færðu svo bílinn til baka – tandurhreinan að utan. Nánar hér: [toyotatryggingar.is](https://www.toyota.is/toyotatryggingar.is)

VEGAAÐSTOÐ TOYOTA

Frá og með 1.júlí 2023 fylgir 12 mánaða vegaaðstoð öllum nýjum Toyota bílum. Hafðu samband við vegaaðstoð í síma 5 112 112. Sjá: <https://www.toyota.is/upplýsingar/vegaadstod>

LÁNSBÍLL Í ÁBYRGÐARVIÐGERÐUM

Ef til þess kemur að bíllinn þinn þurfi að fara í viðgerð á ábyrgðartímanum, viðgerð sem fellur undir ábyrgðarskilmála Toyota, þá lánnum við þér bíl á meðan á viðgerð stendur. Þetta á við um alla Toyota-bíla sem Toyota á Íslandi ehf. flytur inn. Við getum ekki lofað þér eins bíl, það fer eftir framboði okkar á hverjum tíma, en við gerum okkar besta.

HRAÐÞJÓNUSTA

Hraðþjónusta Toyota í Kaupþúni sinnir smærri viðgerðum á sem skemmstum tíma. Í flestum tilfellum getur viðskiptavinurinn beðið á meðan eða nýtt sér þjónustubíl Toyota.

* Frekari upplýsingar um Toyota Hybrid-viðhaldsáætlunina fást hjá Toyota á Íslandi.

** Frekari upplýsingar um 7 ára ábyrgð er að finna á [toyota.is](https://www.toyota.is)

*** Frekari upplýsingar um Relax er að finna á [toyota.is](https://www.toyota.is)



TOYOTA LAND CRUISER

HVERT ÆVINTÝRI TELUR

TOYOTA.IS

Eftir okkar bestu vitund eru allar upplýsingar í þessu kynningarriti sannar og réttar þegar það fer í prentun. Tæknilýsingar og upplýsingar um búnað í þessu kynningarriti eru háðar aðstæðum og kröfum á hverjum stað. Því er mögulegt að sumar upplýsingar gildi ekki um þær gerðir sem í boði eru á þínu markaðssvæði. Þú færð nánari upplýsingar um tækni og búnað á þínu svæði hjá Toyota á Íslandi. • Litir á yfirbyggingum geta verið frábrugðnir þeim sem birtast á ljósmyndum í þessu riti. • Læsileiki QR-kóða (QR Codes*) í þessu riti getur verið mismunandi eftir því hvaða skanni er notaður. Toyota ber ekki ábyrgð á því ef tækið þitt getur ekki lesið einhverja QR-kóða (QR Codes*) eða merki fyrir gagnvirkt efni. • Toyota Motor Europe áskilur sér rétt til að breyta upplýsingum um tækni og búnað án fyrirvara. • © 2024 frá Toyota Motor Europe NV/SA („TME“). •

Óheimilt er að gera eftirmyndir af nokkrum hluta þessarar útgáfu nema með fyrirfram skriflegu samþykki Toyota Motor Europe.

05/24/LC250/IS/0000 YAMB330